

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/2018

2021/EES/15/11

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 111, 2.5.2018, bls. 10.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0605:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 111, 2.5.2018, bls. 10.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/605, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 111, 2.5.2018, bls. 10, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 20.4. 2018, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.